

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hábrún Skutulsfirði



Dags eftirlits	8.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Hábrún	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Stekkjargötu 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450314-0640	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Ósk Halldórsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu, varðandi að hvorki ársyfirliti né umhverfisupplýsingum var skilað á tilsettum tíma. Auk þess voru tvær ábendingar gerðar, annars vegar varðandi útreikninga á losun fosfórs og hins vegar skil á gögnum til Umhverfisstofnunar. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Hábrún ehf. Jóhanna Ósk Halldórsdóttir sölustjóri, Davíð Kjartansson rekstrarstjóri og Davíð Rúnar Benjamínsson verkstjóri voru fulltrúar rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Hábrún er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 12. nóvember 2020 og gildir til 12. nóvember 2036.

Starfsleyfið heimilar 700 tonna ársframléiðslu af regnbogasilungi og þorski í Skutulsfirði.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Hvorki ársyfirliti né umhverfisupplýsingum fyrir árið 2021 var skilað innan þess frests sem gefinn er og eru það frávik frá starfsleyfi. Græna bókhaldi var skilað þann 16. maí.

Í græna bókhaldinu kemur fram að losun fosfórs frá eldinu er innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi, en losun fosfórs í viðtaka skal vera undir 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Ekki er ljóst hvort útreikningarnir eru í samræmi við „Leiðbeiningar um útreikninga á losun í fiskeldi“ sem rekstraraðila ber að fara eftir. Rekstraraðila er bent á að fara yfir útreikningana og skila réttum niðurstöðum, reynist þær rangar í græna bókhaldinu.

Rekstraraðila er bent á að fara betur yfir hvaða upplýsingum honum ber að skila til Umhverfisstofnunar og sjá til þess að framvegis berist þær innan þess frests sem tiltekinn er í starfsleyfi.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

- Önnur mál

Samkvæmt rekstraraðila hefur verið sótt um að sá tími sem þarf að hvíla svæði á milli eldislota verði stytur úr tólf mánuðum í þrjá. Ef sú breyting fæst samþykkt verður innsta svæðið nýtt aftur sumarið 2023 en að öðrum kosti verður ysta svæðið nýtt þá.

- Skoðunarferð

Jón Halldór Pálmason stöðvarstjóri sigldi með eftirlitsmann og verkstjóra að kvíunum.

Þegar eftirlitið fór fram voru þrjár kvíar í notkun á innsta svæðinu og verður klárað að slátra úr þeim fyrir

áramót. Á mið svæðinu voru sjö kvíar í notkun og klárast útsetning í september, í þær tíu kvíar sem áætlað er að setja í skv. tikynningu frá rekstraraðila dags. 16. maí 2022. Ysta svæðið var tómt þegar eftirlitið fór fram.

Frávik frá	Lýsing á frávik
ákvæði í gr. 4.2 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
ákvæði í gr. 4.3 í starfsleyfi	Skila skal árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.




## ÁBENDINGAR

- A) Rekstraraðila er bent á að fara yfir útreikninga á losun fosfórs og tryggja að þeir séu í samræmi við leiðbeiningar.
- B) Í starfsleyfi rekstraraðila er tilgreint hvaða gögnum ber að skila árlega til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðila er bent á að sjá til þess að öllum umræddum upplýsingum sé skilað til stofnunarinnar.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.10.2022

  
Freyr Evarsson

